

Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 215/1994.

V.J.B.G. hf.

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

protabúi Köfunarstöðvarinnar hf.

(Garðar Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu. Að öðrum kosti yrði málinu vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði synjað og málinu frestað til október 1994.

Rök stefnda eru þau, að þann 21. febrúar 1994 hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda, eins og meðfylgjandi endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði beri með sér. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt og því haldið fram, að eignir áfrýjanda standi undir greiðslu málskostnaðar. Krafa sú, sem var grundvöllur árangurslausrar fjárnámssgerðar hjá áfrýjanda 21. febrúar 1994, hafi verið áætluð opinber gjöld, sem séu til endurákvörðunar hjá skattyfirvöldum. Við fjárnámssgerðina hafi gleymst, að áfrýjandi átti eign, sem rétt hefði verið að benda á, en það séu hlutabréf í Hafverki hf. Þá varði málið verulega hagsmuni áfrýjanda, en höfuðstóll kröfunnar sé 4.450.000 krónur. Sé áfrýjanda því nauðsynlegt að fá skorið úr málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur gegn mótmælum áfrýjanda ekki leitt nægar líkur að því, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Verður því framlagning málskostnaðartryggingar ekki sett sem skilyrði þingfestingar, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu er hafnað. Mál-
inu er frestað til október 1994.
